


## Leiðbeiningar fyrir skráningar á vef og frágangi greiðslu æfingargjalda

Velkomin á nýjan skráningarvef ÍBV fyrir iðkendur og stuðningsmenn.


Með þessari nýju skráningarsíðu verða skráningar markvissari, allar upplýsingar um iðkendur svo sem sími og netfang eru eins réttar og þær geta orðið. Þjálfarar geta haldið utan um mætingar iðkenda sinna, stjórnir deilda hafa betra yfirsýn, innheimta verður skilvirkari og allt utanumhald með betra móti en áður.

Kerfið heitir Nóri og er rekið af og hýst hjá Greiðslumiðlun ehf.


1. Byrjað er á að fara á slóðina [ibv.felog.is](http://ibv.felog.is)
2. Lesa skilmála og **Samþykkja skilmála** (nauðsynlegt áður en farið er í innskráningu eða nýskráningu.)



3. Hafir þú ekki áður farið þarna í skráningu þá er næst farið í nýskráningu, þá opnast svona gluggi:



4. Setjið inn kennitölu forráðamanns og smellið á **Áfram**, þá opnast svona gluggi:



5. Fyllið út í alla glugga réttar upplýsingar, veljið ykkur lykilorð, ef forráðamaður er ekki iðkandi afhakið í þeim glugga neðst á síðunni (enginn skaði skeður þó það gleymist). Ef þið viljið ekki fara á póstlista hjá félaginu afhakið þá við **Ég er stuðningsmaður**. Þegar allt er klárt smellið þá á **skrá**.

Þegar búið er að smella á skrá kemur þessi gluggi upp:

Íþróttabandalag Vestmannaeyja - Pósthólf 188 - 902 - Vestmannaeyjum - Sími: 481 2060 - www.ibv.is - ibv@ibv.is

6. Nú skal smella á **Nýr iðkandi** til að velja þau börn sem á að skrá.

Nú er hægt að velja öll börn sem skráð eru á þetta fjölskyldunúmer. Veljið viðkomandi og smellið á **Áfram**.

Guðmundur Árnason skráð(ur) in

Íþróttabandalag Vestmannaeyja - Pósthólf 188 - 902 - Vestmannaeyjum - Sími: 481 2060 - www.ibv.is - ibv@ibv.is

Nú verður að skrá netfang og símanúmer iðkanda(má nota foreldris ef iðkandi er ekki með netfang eða farsíma). Smella síðan á **Skrá**.

Íþróttabandalag Vestmannaeyja - Pósthólf 188 - 902 - Vestmannaeyjum - Sími: 481 2060 - www.ibv.is - ibv@ibv.is

7. Nú er hægt að smella fyrir aftan nafn barnsins (**Námskeið flokkar í boði**) og sjá hvað er í boði fyrir þennan aldursflokk. Skoðið vel það sem er í boði og veljið viðeigandi fyrir barnið ykkar miðað við þá íþrótt sem barnið stundar.

| Mínir iðkendur                    |             |     |        |   |
|-----------------------------------|-------------|-----|--------|---|
| Nafn                              | Kennitala   | Kyn | Aldur  |   |
| <a href="#">Guðmundur Árnason</a> | 111157-5109 | KK  | 56 ára | <a href="#">Námskeið/Flokkar í boði</a> ← |

### Smellið á **Skráning á námskeið**.

Nú kemur að sérstöðu hjá ÍBV þar sem ekki er rukkað fyrir hvora íþróttgrein fyrir sig. Fyrst þarf að byrja á að skrá barnið í þá íþrótt sem barnið stundar, ef það stundar báðar þá er það skráð í sitt hvoru lagi. Hakið við samþykka skilmála eftir að hafa lesið þá, því næst er smellt á **Staðfestingarsíða**, á staðfestingarsíðunni þarf að smella á **Skrá greiðslu til að festa skráningu inni þó að greiðslan sé uppá 0,-**

8. Þá er komið að því að velja greiðslumáta, farið aftur í **Mínir iðkendur** og **Námskeið/Flokkar** í boði og smellið á **Skráning á námskeið** í þeirri línu sem stendur **Æfingagjöld – greiðslur**

**Greiðslufyrirkomulag**

|   |                |           |
|---|----------------|-----------|
| Greiðslumáti:   | Greiðsluseðill | ▼         |
| Skipta í  | ▼              | greiðslur |
| <input type="checkbox"/> Samþykki skilmála <a href="#">Sjá skilmála</a> ⓘ |                |           |
| <b>Staðfestingarsíða</b>  |                |           |

**Til baka**

Þar er hægt að velja um þrjá greiðslumáta, greiða með því að fá greiðsluseðil (kemur eingöngu í tölvupósti) og krafa stofnast í heimabanka. (Þeir sem eru í greiðsluþjónustu nota greiðsluseðil). Hægt er að dreifa greiðslum í nokkra mánuði með greiðsluseðlum og þegar greitt er með kreditkort, það er valið í glugganum **Skipta í greiðslur**, sé millifærsla valin þá er eingöngu um eina greiðslu að ræða og koma upplýsingar um bankareikning í tölvupósti. Engin gjöld leggjast á millifærslur en seðilgjöld bætast á greiðsluseðla og ef greiðslum er dreift á kreditkort.

9. Greiða þarf fyrir hvert barn sér. Fyrsta barn kemur á fullu verði síðan er veittur 15% afsláttur af 1. og 2. barni þegar gengið er frá greiðslu fyrir 2. barnið kemur sá afsláttur inn. Ef að viðkomandi greiðir fyrir 3 börn eða fleiri þarf að ganga frá greiðslumáta fyrir fyrstu tvö börnin og hafa svo samband við skrifstofuna [sigfus@ibv.is](mailto:sigfus@ibv.is) eða [dora@ibv.is](mailto:dora@ibv.is) til að setja afslátt á börn umfram tvö.

**Þegar aðstandendur skrá sig svo aftur inn í kerfið nota þeir það notendanafn og lykilorð sem þeir bjuggu til og passa að haka við Samþykki skilmála fyrir ofan innskráningargluggana. Ef ekki er hak þar er ekki hægt að skrá sig inn.**

**Munið að fara inní skráningarkerfið ef að símanúmer eða netfang breytast og uppfæra það.**